



Til: ulfar@hvolsvollur.is
Afrit: olirunars@hvolsvollur.is, anton@hvolsvollur.is
Efni: Re: Fw: Heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra
Upplýsingar: Sent: 19-12-2019 17:26:41 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019120002, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019120002 (**Vinsamlegast hendið eldri útgáfu af þessari umsögn, en það láðist að leiðrétta hana áður en hún var send**)

Vísað er til bréfs frá Rangárþingi eystra, dags. 3. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og telur lýsinguna almennt vera mjög greinargóða um þau atriði sem þarf að skoða í væntanlegu skipulagsferli. Á þessu stigi, eðli málsins samkvæmt, er ekki hægt að meta gæði þeirra gagna sem lögð verða til grundvallar að nýju skipulagi eða umhverfismati þess.

Í lýsingunni á bls. 13., er bent á að nú séu ýmis betri gögn fyrir hendi til að greina og flokka land og þar vistgerðir sérstaklega nefndar. Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt að góð gögn um náttúrufræðisnotuð í þeim málaflokkum sem snúa bæði beint og óbeint að vernd. Hér má nefna að mikilvægt er að nota vistgerðarkort og fleiri náttúrufræðisupplýsingar til að móta m.a. stefnu í loftslagsmálum s.s. um endurheimt votlendis en einnig til að meta hvort og hvar sé heppilegt að hafa skógrækt t.d. í tengslum við kolefnisjöfnun. Þetta á einnig almennt við um flokkun landbúnaðarlands sem oft er skilgreint sem slíkt þó ekki sé alltaf um ræktarland að ræða. Í öllum tilfellum þarf að tryggja að t.d. áætlanir í loftslagsmálum þ.m.t. kolefnisjöfnun fari ekki á svig við vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Undanfarið hefur sífellt verið að skjóta upp nýjum hugmyndum um vindorkugarða og vill Náttúrufræðistofnun sérstaklega benda á, fyrir utan landslagsáhrif, að vindorkusvæði séu ekki sett á aðalskipulag án t.d. ítarlegrar skoðunar á áhrifum á fugla s.s. í tengslum við farleiðir fugla.

Hér á eftir fylgja ýmsar ábendingar, sem varða lífríki jarðminjar o.fl., og geta komið sér vel við frekari vinnslu á skipulaginu og umhverfismati þess og verið leiðbeinandi um hvort það vanti að tilgreina eða fjalla um einhverja náttúrufræðisþætti eða áhrif á þá.

Ábendingar

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengi, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á málinu vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því

ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> . Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> .

Ennfremur má finna upplýsingar um seli við stendur Íslands hér: Fjölrit um seli hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf , og kortasjá <https://www.ni.is/node/27206> og válista fyrir spendýr má finna hér: <https://ni.is/node/27354> . Yfirlit yfir válista almennt má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> .

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufræði og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 03.12.2019 11:50 -----

From: Guðmundur Úlfar Gíslason <ulfar@hvolsvollur.is>
To: "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>, Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>, "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, Trausti Baldursson <trausti@ni.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>, Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>, Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>, "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, "upplýsingar@ferdamalastofa.is" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>, "myrdalshreppur@vik.is" <myrdalshreppur@vik.is>, "ry@ry.is" <ry@ry.is>, "klaustur@klaustur.is" <klaustur@klaustur.is>, "postur@vestmannaeyjar.is" <postur@vestmannaeyjar.is>, "berglind@katlageopark.is" <berglind@katlageopark.is>

Date: 03.12.2019 11:29

Subject: Heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárbings eystra

Sælar

Í viðhengi er ósk um umsögn vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags Rangárbings eystra. Hjálagt er einnig skipulags- og matslýsing á verkefninu.

Kveðja,

Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra
ulfar@hvolsvollur.is



Rangárþing eystra

Sími: 354 4884200 hvolsvollur@hvolsvollur.is

Austurvegi 4 kt.470602-2440
860 Hvolsvöllur www.hvolsvollur.is

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyriræli 9.mgr. [47.gr.](#) laga nr. 81/2003 um fjarskipti.



- Ósk um umsagnir.pdf



- 1854_009_V02_Skipulags- og matslýsing.pdf